



Mars 2022

Ágætu félagar

Næsti fræðslufundur/örfundur verður fimmtudaginn 31. mars kl. 15:00. Þetta verður síðasti örfundurinn á þessu skólaári. Á þessum fundi mun Nada Borosak fjalla um hvernig hún nýtir uppbygginguna í kennslu í list- og verkgreinum. Fundurinn verður rafrænn og verður slóðin sett á Facebook síðu félagsins. Gaman verður að sjá ykkur sem flest á fundinum og ég bið ykkur sem fáíð þennan póst að láta sem flesta vita.

Aðalfundur félagsins verður haldinn 27.apríl n.k. kl. 16:30 og verður auglýstur betur þegar nær dregur. Ef þið hafið áhuga að starfa í stjórn eða viljið koma fram með lagabreytingar þá hvet ég ykkur til að vera í sambandi við undirritaða. Lög félagsins má finna á heimasíðunni, uppbygging.is undir flípanum Um félagið.

Félagið hefur sent út kynningarbréf um fána félagsins. Þetta bréf má einnig sjá á heimasíðunni. Við erum að bjóða þeim skólum sem vilja kaupa fána að vera með í pöntun á fyrstu prentun. Bæði er um innifána og útifána að ræða, sjá nánar í bréfinu en þar má einnig sjá sýnishorn af fánunum, stærð og verð.

Ég vona að ykkur gangi vel að tengja uppbygginguna við vinnu ykkar með nemendum og starfsfólki. Við förum örugglega öll að njóta enn meiri útiveru núna þegar fer að vora og þá er gott að muna eftir uppbyggingunni í öllum samskiptum. Höfum fáar og einfaldar reglur og förum eftir þeim.

Aðstoðum hvert annað og hjálpumst að við að efla jákvæð samskipti.

Njótið vorkomunnar

Með bestu kveðjum f.h. stjórnar

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður félagsins Uppbygging sjálfsaga

Netfang: gudbjorgmsv@gmail.com